





Starfsskrá



Tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðar

-Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar-

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fagskrifstofa frístundaþjónustu.....	4
Tómstundamiðstöðvar.....	5
Frístundaheimili	6
Markmið frístundaheimila.....	7
Hlutverk verkefnastjóra, starfsmanna og foreldra í frístundaheimilum	8
Innra starf frístundaheimila	9-10
Almennar upplýsingar	11
Félagsmiðstöðvar	12
Markmið félagsmiðstöðva.....	13
Hlutverk verkefnastjóra, starfsmanna og foreldra í félagsmiðstöðvum	14
Innra starf félagsmiðstöðva	15-17
Unglingalýðræði.....	18
Opnunartími.....	19





+ Inngangur

Á vorönn 2012 samþykkti Íþróttá- og tómstundanefnd að nýjar og sameinaðar stofnanir frístundaheimila og félagsmiðstöðva skyldu heita tómstundamiðstöðvar. Stofnanir þessar eru í raun ábyrgar fyrir tómstundastarfi utan lögbundins skólatíma barna og ungmenna. Frístundaheimili fyrir 1. – 4. bekk, skipulagt tómstundastarf fyrir 5. – 7. bekk ásamt því að standa fyrir félagsmiðstöðvarstarfi fyrir unglunga í elstu bekkjum grunnskóla. Tómstundamiðstöðvar heyra undir grunnskóla Hafnarfjarðar en fagstjóri frístundastarfs á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar veitir faglega ráðgjöf og stuðning.

Starfsskrá tómstundarmiðstöðva Hafnarfjarðar er stefnumiðandi rit og kjölfesta þess starfs sem fer fram í tómstundamiðstöðvunum. Hún lýsir þeirri starfsemi sem fram í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, markmiðum þeirra, leiðum að markmiðum og framtíðarsýn.

Starfsskráin er endurskoðuð á þriggja ára fresti. Starfsskrá tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðar var unnin af starfshópi sem skipaður til verksins í október 2015. Starfshópin skipuðu Linda Hildur Leifsdóttir fagstjóri frístundastarfs, Særós Rannveig Björnsdóttir verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar Áslandsskóla og Salvör Kristjánsdóttir verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar Hvaleyrarskóla. Stuðst var við starfsskrá ÍTH frá 2013 og starfsskrá frístundamiðstöðva Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar frá 2015.

Fagskrifstofa frístundapjónustu

Fagleg yfirstjórn tómstundamiðstöðva skal vera á höndum íþrótta- og tómstundafulltrúa, sem starfar undir stjórn sviðsstjóra fræðslu- og frístundapjónustu. Skólastjórar í hverjum grunnskóla bera ábyrgð á rekstri og starfsemi tómstundamiðstöðvanna.

Á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar starfar íþrótta- og tómstundafulltrú og fagstjóri saman, leiða stefnumótun og hafa yfirumsjón með fagstarfi tómstundamiðstöðvanna. Hlutverk þeirra er að efla og þróa fagumhverfi frístundastarfs og hafa umsjón með innleiðingu á framkvæmd á innra og ytra mati á starfsemi tómstundamiðstöðvanna.

Tilgangur frístundastarfs

Þríþætt gildi frítímans



Menntunargildi

Börnin taka þátt í fjölbreyttum og skapandi verkefnum og öðlast þannig mikilvæga félagslega þekkingu og reynslu sem þau geta svo yfirfært á samfélagið. Ekki er um formlega kennslu að ræða heldur er lögð áhersla á óformlegt nám og reynslunám. Ekki er um að ræða skipulagt nám hvað varðar markmið eða námstíma og er námið yfirleitt ómeðvitað.



Forvarnargildi

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Með því að bjóða börnum og unglingum að takast á við jákvæð viðfangsefni með sterkum fyrirmyndum eru meiri líkur á því að þau velji sér heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka í skipulögðu frístundastarfi hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd og námsárangur barna og unglinga.



Afþreyingargildi

Að tilheyra hóp er þörf sem öll börn og ungmenni hafa. Að geta hlegið, skemmt sér og varið tíma sínum í góðum hópi við uppbyggileg verkefni er mikilvægur hluti af lífinu. Því er nauðsynlegt að skapa vettvang fyrir börn og unglinga þar sem fram fara jákvæð samskipti og geta notið samveru við jafnaldra og sterkar fyrirmyndir. Rannsóknir sýna að mikilvægt er að börn geti horft til annarra fullorðinna auk foreldra og myndað tengsl við þá.



Tómstundamiðstöðvar

Sjö tómstundamiðstöðvar eru starfræktar í grunnskólum Hafnarfjarðar. Í hverri starfar verkefnastjóri sem heldur utan um daglegan rekstur og faglegt frístundastarf. Innan hvernar tómstundamiðstöðvar er starfrækt frístundaheimli og félagsmiðstöð. Einnig sér tómstundamiðstöðin um ýmis konar tómstundatíloboð yfir sumartímamann í samstarfi við Vinnuskóla Hafnarfjarðar.

Framtíðarsýn

Tómstundamiðstöðvar sinni eða standi á bakvið allt tómstundastarf fyrir börn og unglinga innan hvers grunnskólaskóla. Mikilvæg leið að settum markmiðum er samstarf við íþrótt- og æskulýðsfélög, foreldra og aðra sem koma að fræðslu og/eða umönnun þeirra. Frístundaheimilin skulu leita eftir samstarfi við þau íþrótt- og tómstundafélög sem sinna tómstundum barna í hverfinu. Markmiðið er að börnin geti stundað annað íþrótt- og tómstundastarf sem mest innan tímaramma frístundaheimilanna, og fylgja börnum á skipulagðar æfingar þegar færi gefst. Kynning á skipulögðu íþróttastarfi verði markviss og hluti af starfsskrá tómstundamiðstöðva.

Stefnt skal að samþættum vinnudegi í

skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, heimanám, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístund myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1.-4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. Fræðslu- og frístundaþjónusta vinnur að þessu markmiði í samvinnu við stjórnendur grunnskóla og frístundaheimila.

Tómstundamiðstöðvarnar skulu vinna að heilsuefingu barna og ungmenna með forvörnum og óformlegu námi.

Þá er áhersla lögð á að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum og að efla sjálfstraust og félagsfærni barna og unglinga, þar sem jafnréttissjónarmið eru ávallt höfð að leiðarljósi.




Frístundaheimili

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir börn á aldrinum 6-9 ára eftir að kennslu lýkur. Frístundaheimili hafa mikil áhrif á félagsþroska barna og eru vettvangur þar sem þau æfa sig í vináttu og samskiptum. Börnin læra að virða hvert annað og læra þar með að allir hafa sín séreinkenni og þurfa að hafa ákveðið svigrúm. Frístundaheimili gefa börnum fastan samastað fyrir starf og leik og er staður þar sem börn eru höfð í fyrirrúmi. Þar er hlustað á þau, talað við þau og ekki síst er pláss fyrir tilfinningar þeirra á frístundaheimilinu.

Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Frístundaheimilið leitast við að viðhafa lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.



Leitast er við að veita öllum börnum tækifæri til að taka þátt í frístundastarfi óháð getu þeirra, þroska eða fötlun þar sem sérstök áhersla er lögð á að koma til móts við alla.





Markmið frístundaheimila

Markmið frístundaheimila er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að efla félagsþroska hvers barns og virðingu þess fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu. Við teljum mikilvægt að efla sjálfstæði og sjálfsmynd hvers barns og gera því kleift að kynnast eigin möguleikum og nýta hæfileika sína. Þá er markmið með starfsemi frístundaheimila að yngstu börn grunnskólanna hafi í boði öruggt umhverfi til að dvelja í eftir skóla með aðstöðu til örvandi og skemmtilegs frítímastarfs. Einnig er stefnt að því að veita börnum og foreldrum þeirra heildstæða þjónustu. Barnið og vellíðan þess er þungamiðjan í daglegu starfi.



Leiðir að markmiðum

Við lítum svo á að barnið þroskist og læri með því að taka virkan þátt í daglegu starfi frístundaheimilisins: Í útivistinni, í frjálsa leiknum og í skipulögðu hópastarfi. Við teljum að börn læri best með því að framkvæma (reynslunám/learning by doing) og að allir séu góðir í einhverju - enginn er góður í öllu. Eftirfarandi atriði lýsa vel nálgun okkar til að vinna að markmiðum starfsins:

- Notum virka hlustun og sýnum börnunum hlýju og tillitssemi.
- Leggjum áherslu á frjálsan leik, val barnanna og barnalýðræði.
- Styrkjum félagslega stöðu barna með uppbyggilegri fræðslu og frístundastarfi.
- Þjóðum upp á fjölbreytt starf þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi, s.s. föndur, myndlist, leiklist, tónlist, íþróttir og útiveru, vettvangsferðir og sögustundir.
- Gefum börnum tækifæri og vettvang til að framkvæma hugmyndir sínar og tryggja þannig að styrkleikar og hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín.
- Beitum aðferðum barnalýðræðis og höfum börnin með í ráðum við gerð dagskrár og val á viðfangsefnum og ýtum þannig undir virkni, gagnrýni og skapandi hugsun.
- Höfum yfirsýn og eftirlit með leiksvæðum og tryggjum öryggi og vellíðan barnanna.
- Leitumst eftir samstarfi við íþrótt- og tómstundastarf sem í boði er í Hafnarfirði.



Hlutverk...

Verkefnastjóra

Verkefnastjóri stýrir faglegu starfi frítundaheimilis. Hann ber ábyrgð á öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, skapar andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Verkefnastjóri á hverri starfsstöð tómsundamiðstöðva ber ábyrgð á starfi frítundaheimilisins. Áhersla er lögð á metnaðarfullt starf með áherslu á lýðræði og skipulagða dagskrá, sem inniheldur uppeldis- og menntunargildi sem taka mið af aldri barna og þroska. Jafnframt leggur verkefnastjóri áherslu á að öll börn geti fundið eitthvað við sitt hæfi og að þau séu í umhverfi þar sem hver og einn fær að njóta sín.

Verkefnastjóri leggur auk þess áherslu á góð, upplýsandi og ánægjuleg samskipti við foreldra. Leitast er við að foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum og geti verið í sambandi við starfsfólk varðandi starfsemina og líðan barna sinna. Verkefnastjóri velur þá leið sem hann telur besta hverju sinni til að vera í samskiptum við foreldra, hvort sem um er að ræða málefni einstaklinga eða hópa.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á ut anumhaldi á skráningu barna sem eru í frítundaheimilinu og afskráningar ásamt öðru formlegu ut anumhaldi og starfsmannamálum almennt í samstarfi við skólastjórnendur. Verkefnastjóri tryggir að upplýsingaflæði til barna, unglinga, foreldra og samstarfsaðila sé virkt. Hann sér um að auglýsa starfsemina innan skóla, uppfærir heimasíðu og sinnir öðrum rafrænum samskiptum. Hann ber ábyrgð á að starfsmannahandbók sé á staðnum og að starfsmenn fái viðeigandi fræðslu.

Starfsmanna

Lögð er áhersla á að ráða til sín starfsmenn í frítundaheimilin sem hafa reynslu, áhuga og hæfni í að starfa með börnum. Starfsmenn í frítundaheimilum þurfa auk þess að vera sterkir í mannlegum samskiptum, vera fyrirmyndir í starfi sem og utan þess. Enn fremur er lögð áhersla á að starfsmenn frítundaheimila hafi fjölbreyttan og ólíkan bakgrunn.

Nýjum starfsmönnum er boðið upp á markvissan stuðning og þjálfun auk þess að allir starfsmenn taka þátt í símenntun til að efla þekkingu þeirra, frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði þeirra í starfi. Á hverjum starfsstað er tiltæk starfsmannahandbók þar sem fram koma verklagsreglur frítundaheimilisins.

Starfsmönnum frítundaheimila ber skylda samkvæmt 17. gr barnaverndarlaga að tilkynna ef einhver grunur er um að barn er líkamlega eða andlega vanrækt, hafi orðið fyrir líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi að einhverju tagi.

Starfið í frítundaheimilum byggist alltaf á þeim hæfileikum sem starfsfólkið býr yfir hverju sinni. Starfsfólk er hvatt til að koma með eigin hugmyndir að verkefnum og viðfangsefnum þannig að boðið sé upp á fjölbreytt og skapandi starf. Starfsfólkið tekur þátt í skipulagningu og framkvæmd fagstarfs í samstarfi við verkefnastjóra.

Foreldra

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við foreldra/forráðamanna og tekið er vel á móti athugasemdum og ábendingum. Foreldrar geta komið á framfæri óánægju/ánægju eða hvað sem er vegna starfsins til fagstjóra, skólastjórnenda og/eða verkefnastjóra.

Foreldrar bera ábyrgð á skráningu barna í frítundaheimilið. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn hafi samband við starfsfólk frítundaheimila ef breyting verður á mætingu, t.d. vegna veikinda, leyfa eða að heimferðatími breytist. Leyfilegt er að senda barnið með skrifleg skilaboð eða senda skilaboð í tölvupósti til verkefnastjóra fyrir hádegi starfsdags ef barn kemur í skólann en þarf ekki að koma í frítundaheimilið. Munnleg skilaboð frá börnum eru ekki tekin gild. Hafa má samband við frítundaheimili símleiðis eða senda tölvupóst á verkefnastjóra.



Innra starf frístundaheimila

Innra starf frístundaheimilana byggist á vali, hópastarfi eða smiðjum og útiveru. Einnig er boðið upp á síðdegishressingu á miðjum degi.

Þó að hefðbundin kennsla fari ekki fram innan veggja frístundaheimilisins, þá er ljóst að þátttaka barnsins í fjölbreyttu starfi í frístundaheimilinu eykur hæfni þess á ólíkum sviðum og getur styrkt skólagöngu og þroska þess. Óformlegt nám fer fram á frístundaheimilum og fer það að mestu fram í frjálsum leik og vali barnanna, en einnig í hópastarfi eða smiðjum. Hefðbundin dagskrá felst í hæfilegu jafnvægi á milli skipulagðrar dagskrár og frjáls leiks, sem er ekki síst mikilvægt fyrir yngstu börn grunnskólans.

Starfsmenn skipuleggja jafnan vikuáætlun þar sem kemur fram hvaða hópastarf/val er í boði á hverjum degi. Leitast er við að hafa börnin með í ráðum við gerð dagskrár.

Val

Þegar val er í boði þá hafa starfsmenn gert tilbúnar stöðvar sem börnin mega leika sér á eða undirbúið hópastarf eða smiðjur. Börnin velja sér svo þá stöð sem þau hafa mestan áhuga á að vera í, sumar stöðvarnar eru bara með hámarksfjölda og því getur það komið fyrir að börnin komist ekki í það sem þeim langar mest í.



Hópastarf eða smiðjur

Skipulagt hópastarf eða smiðjur er starf sem er leitt af starfsmanni, s.s. matreiðsla, leikir í sal og fönður í listasmiðju. Hópastarf eða smiðjur geta verið annars vegar opið og hins vegar stýrt. Opið hópastarf eða smiðja felst í því að börnin velja sjálf hvort þau taka þátt í tilteknu vali sem starfsmaður býður upp á. Sá hópur getur verið breytilegur frá degi til dags, eftir því hvað er í boði og áhuga barnanna hverju sinni. Starfsmaður verður að ná til barnanna og gera hópastarfið áhugavert – á vissan hátt má segja að hér gildi lögmál framboðs og eftirspurnar. Stýrt hópastarf felst í því að starfsmenn raða börnum niður í hóp fyrirfram, til dæmis eftir aldri eða kyni. Stýrt hópastarf er mjög gagnlegt þegar vinna á með ákveðin þemu eða tryggja að öll börnin taki þátt í tilteknum verkefnum.

Dæmi um hópastarf/smiðjur:

- Leiklistarsmiðjur
- Myndlistarsmiðjur
- Sögugerð
- Tónlist
- Ævintýrasmiðja
- Vísindasmiðja
- Íþróttahópur
- Matreiðsla
- Fjölmíðlahópur



Samskipti við börnin

Í starfi frístundaheimilanna er stuðst við aðferðir SMT-skólafærni í samskiptum til að efla jákvæð samskipti. Í stað þess að einblína á það neikvæða er hið jákvæða umbunað óumbeðið og er heildrænn stuðningur við jákvæða hegðun. Við gefum umbunartákn fyrir óumbeðna jákvæða hegðun og söfnum umbunartáknum, t.d. upp á vegg eða í krukku. Þegar markmiði er náð er veitt umbun sem ákveðin er í samráði við börnin, t.d. bjóða upp á bíósýningu, búningadag, náttfatadag, dótadag o.s.frv.

Í starfi með börnum er mikilvægt að hafa skýran ramma, nokkrar fáar en góðar reglur sem tryggja öryggi og vellíðan barnanna. Stuðst er við skólareglur grunnskólans. Jákvæður agi felst í því að hvetja barnið til athafna sem styrkja jákvæða sjálfsmynd og efla félagslega færni þess. Markmið frístundaheimila er að forðast neikvæðan aga, sem byggist á boðum og bönnum, og efla jákvæðan aga sem er fyrirbyggjandi og stuðlar að bættum samskiptum. Hlutverk starfsmanna er því ekki síst að hafa vakandi auga með barnahópnum og aðstoða börn við að leiðrétta óæskilega hegðun áður en í óefni er komið. Komi upp vandamál í samskiptum barns við önnur börn eða við starfsmenn er mikilvægt að bregðast skjótt við og ræða málið við verkefnastjóra frístundaheimilis. Jákvæð og opin samskipti eru góð leið til að fyrirbyggja misskilning og stuðla að betri líðan barnsins á frístundaheimilinu. Ávallt er haft samráð við foreldra ef að alvarleg eða ítrekuð agabrot eiga sér stað.



Almennar upplýsingar

Á vetruna eru frístundaheimilin opin eftir að kennslu lýkur 13:00-17:00 alla daga. Sjá þó nánar um vetrarfrí og sérstaka daga hér að neðan. Gjaldskrá frístundaheimilanna má sjá á heimasíðu Hafnarfjarðar. Innifalið í gjaldinu er síðdegishressing og vistun.



Síðdegishressing

Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundaheimilum. Fyrirkomulag um framsetningu er mismunandi milli frístundaheimila. En áhersla er á heilsueflingu, fjölbreytni og hollt mataræði. Ef barnið þitt er með sérþarfir þá þarf að skoða það hvort og hvernig við getum komið til móts við þarfir barnsins eða hvort betra er að barnið komi með eigið nesti.



Vetrarfrí skóla og sérstakir dagar

Frístundaheimilin eru lokuð alla rauða almanaksdaga og í vetrarfríum grunnskóla. Auk þess eru frístundaheimilin með tvo skipulagsdaga á ári, í byrjun haustannar og í byrjun vorannar. Opið er allan daginn á skipulagsdögum skólanna og virka daga í páska og jólafríi. Sækja þarf sérstaklega um vistun á þessum dögum. Verkefnastjóri sendir nánari upplýsingar varðandi umsókn fyrir þessa daga til foreldra áður en að þeim kemur.



Skráning

Börn eru skráð í frístundaheimili í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is og miðast við annarfyrirkomulag. Skráning skal fara fram fyrir **1. júlí fyrir haustönn**, þ.e. ágúst til og með desember, og fyrir **1. desember fyrir vorönn**, þ.e. janúar til og með júní. Börn sem þurfa stuðning og nemendur sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk ganga fyrir (sjá nánar á heimasíðum skólanna).



Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur er veittur af dvalargjaldi vegna systkina sem eru samtímis í leikskóla eða hjá dagforeldri og á frístundaheimili. Systkinaafsláttur reiknast alltaf af elsta barni. Afsláttur reiknast af almennum dvalargjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Umsókn um systkinaafslátt fer fram í gegnum „Mínar síður“ á hafnarfjordur.is (sjá nánar á heimasíðum skólanna).



Félagsmiðstöðvarnar

Í félagsmiðstöðvunum er boðið upp á uppbyggilegt frístundasstarf fyrir 10 - 16 ára börn og unglinga í frítímanum. Áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og unglinga sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Unnið er í klúbbum, sértæku hópastarfi, opnu starfi og tímabundnum verkefnum. Í grunnskólum Hafnarfjarðar eru starfandi sjö félagsmiðstöðvar og er húsnæði þeirra í grunnskólunum.

Hlutverk félagsmiðstöðva er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þeirra að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10-16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglinga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hópastarf og opið starf eru þar kjölfestan.

Gert er ráð fyrir að þjónustutími félagsmiðstöðva sé tvískiptur. Annars vegar er um að ræða viðveru verkefnastjóra á skólatíma barna og unglinga. Á skólatíma er opið í félagsmiðstöðvum í frímínútum og hádegishléum auk þess sem börnin og unglingarnir geti kíkt við og rætt við verkefnastjóra ef eitthvað liggur þeim á hjarta. Hins vegar er um að ræða almennan opnunartíma eða kvöldopnanir.






Markmið félagsmiðstöðva

Markmið félagsmiðstöðva er að ná til allra nemenda í miðdeildum og unglingadeildum skólanna og gefa þeim tækifæri á að stunda skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli. Leitast er við að mæta hverjum einstakling á hans forsendum og veita honum tækifæri til að njóta sín í félagsstarfinu. Félagsmiðstöðin er vettvangur þar sem börn og unglingar fá tækifæri til að sýna frumkvæði, axla ábyrgð og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum. Starfið einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og unglingalýðræði. Félagsmiðstöðvarnar halda úti fjölbreyttri dagskrá í samstarfi við nemendaráð sem tekur mið af áhugamálum unglinganna hverju sinni.

Félagsmiðstöðin leitast við að ná til þeirra unglinga sem ekki stunda heilbriggt tólstundarstarf eða teljast til áhættuhóps. Félagsmiðstöðin er vakandi yfir þörfum samfélagsins og fræða, fjalla um og hafa jákvæð áhrif á unglingana með hin ýmsu málefni sem tengjast þeirra daglega lífi.



Leiðir að markmiðum

- Notast við leiðir unglingalýðræðis eins vel og kostur er.
- Boðið upp á fjölbreytt starf þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Tengjumst börnum og ungmönnum á fjölbreyttan hátt s.s. með hópastarfi, með samtölum og virkri hlustun, opnum húsum og fjölbreyttri dagskrá.
- Gefum börnum og ungmönnum tækifæri og vettvang til að framkvæma hugmyndir sínar og tryggja þannig að styrkleikar og hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín.
- Ýtum undir virkni, gagnrýna og skapandi hugsun.
- Í leitarstarfi félagsmiðstöðva er leitað og unnið með nemendum sem sýna áhættuhegðun, eða eru með lélega sjálfsmynd.
- Stöndum fyrir markvissri fræðslu, forvarnar og leitarstarfi og beitum fjölbreyttum aðferðum til auka líkur á árangri í forvörnum.
- Mætum ungu fólki á þeirra forsendum og sýna þeim virðingu og trúnað í samskiptum.
- Stöndum fyrir fjölbreyttu hópastarfi sem tekur mið af áhuga og þörfum hvers og eins.
- Setjum skýrar og einfaldar reglur sem börn og ungmenni taka sjálf þátt í að móta og almenn samstaða ríkir um.
- Börn og ungmenni taka þátt í stefnumótun verkefna.
- Verkefnastjóri félagsmiðstöðvar situr nemendaverndarráðsfundi þegar skólastjóri kallar viðkomandi inn á fundi og/eða teymisfundi vegna sérstakra mála.



Hlutverk...

Verkefnastjóra

Verkefnastjóri stýrir faglegu starfi félagsmiðstöðvar. Hann ber ábyrgð á öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, skapar andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Verkefnastjóri á hverri starfsstöð tólmundamiðstöðva ber ábyrgð á starfi félagsmiðstöðvar. Áhersla er lögð á metnaðarfullt starf með áherslu á lýðræði og skipulagða dagskrá, sem inniheldur uppeldis- og menntunargildi sem taka mið af aldri og þroska barna og unglinga. Jafnframt leggur verkefnastjóri áherslu á að öll börn og unglingar geti fundið eitthvað við sitt hæfi og að þau séu í umhverfi þar sem hver og einn fær að njóta sín.

Verkefnastjóri leggur auk þess áherslu á góð, upplýsandi og ánægjuleg samskipti við foreldra. Leitast er við að foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum og geti verið í sambandi við starfsfólk varðandi starfsemina. Verkefnastjóri velur þá leið sem hann telur besta hverju sinni til að vera í samskiptum við foreldra, hvort sem um er að ræða málefni einstaklinga eða hópa.

Starfsmanna

Lögð er áhersla á að ráða starfsmenn til félagsmiðstöðva sem hafa reynslu, áhuga og hæfni á að starfa með börnum og unglingum. Starfsmenn í félagsmiðstöðvum þurfa auk þess að vera sterkir í mannlegum samskiptum, vera fyrirmyndir í starfi sem og utan þess. Enn fremur er lögð áhersla á að starfsmenn félagsmiðstöðva hafi fjölbreyttan og ólíkan bakgrunn. Starfsmenn sýni frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði í starfi. Starfsfólkið tekur þátt í skipulagningu og framkvæmd fagstarfs í samstarfi við verkefnastjóra.

Nýjum starfsmönnum er boðið upp á markvissan stuðning og þjálfun auk þess að allir starfsmenn taka þátt í símenntun til að efla þekkingu þeirra, frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði þeirra í starfi.

Starfsmönnum félagsmiðstöðva ber skylda samkvæmt 17. gr barnaverndarlaga að tilkynna ef einhver grunur er um að barn er líkamlega eða andlega vanrækt, hafi orðið fyrir líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi að einhverju tagi.

Foreldra

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við foreldra/forráðamanna og tekið er vel á móti athugasemdum og ábendingum. Foreldrar geta komið á framfæri óánægju/ánægju eða hvað sem er vegna starfsins til fagstjóra, skólastjórnenda og/eða verkefnastjóra.

Foreldrar eru hvattir til að vera í sambandi við félagsmiðstöðina símleiðis, senda tölvupóst á verkefnastjóra, fylgjast með á facebook og/eða kíkja í heimsókn.

Foreldrafélög skólanna eru í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar með fræðslu, foreldrarölt og fl.

Foreldrafélög grunnskólanna í Hafnarfirði skipuleggja og standa fyrir foreldrarölti í sínu skólahverfi, þ.e. að stjórn foreldrafélags, nefnd eða foreldraröltsfulltrúi tekur að sér að halda utan um skipulagið og kynna það fyrir foreldrum. Nánari upplýsingar má finna vefsíðum skólanna og/eða foreldrafélaganna.

Götuvitinn

Götuvitinn er forvarnarstarf á vegum Hafnarfjarðarbæjar og er í samstarfi við foreldraröltið. Hlutverk Götuvitans er að sinna leitarstarfi og miðar að því að finna þá unglinga sem teljast til áhættuhóps og aðstoða þá.



Innra starf Félagsmiðstöðva

Innra starf félagsmiðstöðva er fjölbreytt og fer oft eftir aðstæðum hverrar félagsmiðstöðvar fyrir sig og eru áherslur mismunandi. En grunnþættir innra starfs félagsmiðstöðva eru þó opna starfið, leitarstarf, hópastarf, viðburðir, fræðslur og smiðjur.

Opið hús

Félagsmiðstöðvarnar halda úti opnunum þar sem að opið starf fer fram. Meginmarkmið með opnu starfi er að skapa börnum og unglingum vettvang til að hittast á hlutlausum og öruggum stað þar sem hægt er að koma á eigin forsendum og vera virk á þann hátt sem hentar hverju sinni undir handleiðslu fullorðinna. Í opnu starfi geta þau sinnt sínum hugðarefnum og áhugamálum.

- Hluti opnunartíma er skilgreindur sem opið starf þar sem hægt er að taka þátt í samveru og ýmiss konar afþreyingu, s.s. borðtennis, bandý, billjard, spilum, tölvuleikjum og hlusta á og spila tónlist. Stundum er árgöngum skipt upp og unnið með þá einn í einu, allt eftir stærð hópsins og þörfum hans hverju sinni.
- Áhersla er lögð á að virkja börn og unglinga til þátttöku og veita þeim vettvang til ánægjulegra samveru með jafnöldrum sínum undir leiðsögn starfsmanna félagsmiðstöðva.
- Í opnu starfi eru börn og unglingar höfð með í ráðum varðandi val á viðfangsefnum, m.a. með stórfundum, hugmyndakössum, í gegnum samskiptamiðla og aðkomu nemendaráðs.
- Opið starf er kjörinn vettvangur fyrir börn og unglinga til að mynda tengsl hvert við annað og fyrir starfsmenn félagsmiðstöðva til að spjalla og tengjast þeim.

Leitarstarf

Leitarstarf er sá þáttur starfseminnar sem miðar að því að finna og vinna með börn og ungmenni sem teljast til áhættuhóps af einhverjum ástæðum og/eða þurfa á aðstoð að halda. Í þeim hópi eru m.a. unglingar sem eru ekki í öðru félagsstarfi, búa við erfiðar félagslegar aðstæður, eru með sérþarfir eða eru illa staddir félagslega. T.d. þeir sem lenda í einelti, eru þunglyndir, eru af erlendu bergi brotnir, eru í áfengis- eða vímuefnaneyslu o.s.frv.

- Leitarstarf fer oft fram í samstarfi við grunnskóla, nemendaverndarráð, námsráðgjafa, kennara, foreldra o.s.frv.
- Leitarstarf fer þó einnig fram í opna starfinu í samræðum starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar við unglingana þar sem að oft koma fram áhyggjur einstakra unglinga af félögum sínum, sjálfum sér eða öðrum.
- Götuvitinn sinnir leitarstarfi í hverfum bæjarins.

Hópastarf

Í hópastarfi er unnið að sameiginlegum viðfangsefnum þar sem áhersla er lögð á samstarf, samræðu og samhygð. Hópastarf felur í sér að ferlinu er stýrt af fagfólki sem leiðbeinir einstaklingum í hópi með að ná sameiginlegu markmiði sem getur verið af einstaklings-, samskipta- eða verkefnatengdum toga.



- Hópastarf í félagsmiðstöðvum er í flestum tilvikum öllum opið og þátttaka valfrjáls. Hópar geta starfað í lengri eða skemmri tíma, allt eftir áhuga barna og unglinga, markmiðum og viðfangsefnum hópastarfsins hverju sinni.
- Í sértæku hópastarfi er unnið með einstaklinga sem sérstaklega eru valdir í hópinn, oft í samráði við aðra fagaðila, vegna félagslegrar óvirkni eða áhættuhegðunar. Þessir einstaklingar finnast oft í leitarstarfi.
- Í hópastarfi gefst tækifæri á persónulegri nálgun og að tilheyra hópi. Með þátttöku í hópastarfi skuldbinda börn og unglingar sig til að taka þátt í því starfi sem fram fer í hópnum.
- Hópastarfið býður upp á formlega og óformlega fræðslu, s.s. um heilbrigðan lífsstíl, einelti, kynlíf, ofbeldi, mannréttindi, lýðræði, skaðsemi vímuefna og örugga netnotkun. Tækifæri gefast til að þjálfa félagsfærni, styrkja sjálfsmynd, sýna umhyggju og þroska með sér hópvitund. Unnið er með opnar spurningar, virka hlustun og umræður um gildi og viðhorf.
- Mikilvægt er að unnið sé á lýðræðislegan hátt í hópastarfinu, markvisst sé unnið að því að virkja alla til þátttöku og að allir hafi möguleika á að hafa áhrif.
- Hópastarf gerir alla jafna meiri kröfu um foreldrasamstarf en opið starf. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um hópastarfið og virkir samstarfsaðilar.

Viðburðir

Viðburðir sem félagsmiðstöðvar standa fyrir í sínu starfi geta verið af ýmsum toga. Í flestum tilfellum er um að ræða viðburði sem börn og unglingar hafa sjálfir komið með hugmyndir að og hafa tekið að sér að skipuleggja og framkvæma í samstarfi við starfsfólk. Til dæmis gætu þeir verið í formi sýninga, dansleikja, keppna, ferða, þemakvölda eða heimsóknna, ýmist hver starfsstaður fyrir sig eða í samstarfi við aðra.

- Formleg fræðsla þar sem börnum og unglingum er boðið upp á fræðsluerindi, ýmist í opnu starfi, hópastarfi eða að starfsmenn félagsmiðstöðva koma inn í skólana með fyrirfram ákveðið viðfangsefni.
- Óformleg fræðsla þar sem starfsfólk grípur þau tækifæri sem gefast í starfinu til umræðna og skoðanaskipta í hópnum um málefni sem varða börn og unglinga á einn eða annan hátt. Starfsfólk leiðbeinir, hvetur til gagnrýnnar hugsunar og ýtir undir að einstaklingar myndi sér sjálfstæðar skoðanir.
- Í smiðjum kynnast börn og unglingar nýjum viðfangsefnum sem veita þeim tækifæri til að upplifa, læra og njóta.
- Reynt er að koma til móts við fjölbreytt áhugasvið og þær hugmyndir sem kvikna í hópum. Einnig gefst tækifæri til að kynna fyrir þátttakendum fjölbreytta möguleika á uppbyggilegu frístundastarfi og vekja áhuga þeirra á þátttöku í slíku starfi.
- Hugmyndafræði reynslunáms er notuð markvisst í fræðslu og smiðjum. Börn og unglingar eru hvött til að takast á við nýjar áskoranir, ígrunda reynslu sína og læra af þeim viðfangsefnum sem þau fást við hverju sinni.

- Ákveðinn hópur eða einstaklingar halda viðburð, t.d. fyrir önnur börn og unglinga.
- Undirbúningur viðburða gefur börnum og unglingum tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli.
- Í viðburðum, s.s. í styttri og lengri ferðum, gefst færi á að kynna fyrir börnum og unglingum möguleika á frístundastarfi sem hægt er að stunda ótengt húsnæði félagsmiðstöðvarinnar og er útivist yfirleitt stór þáttur í slíkum ferðum. Ferðir reyna á félagsfærni þar sem nálægðin er mikil og þannig gefst gott tækifæri til að vinna með samskipti, trúnað og traust innan hópsins.
- Viðburðir veita gott tækifæri til að mynda persónuleg tengsl og skapa samkennd innan hópa. Mjög oft eru börn og unglingar að upplifa ný og spennandi viðfangsefni sem víkka hjá þeim sjóndeildarhringinn.

Fræðsla og smiðjur

Markmið með fræðslu og smiðjum er að auka víðsýni, þekkingu á málefnum líðandi stundar og styðja við skapandi viðfangsefni. Fræðsla er mikilvægur liður í forvarnarstarfi félagsmiðstöðva og styður börn og unglinga í að velja jákvæðan lífsstíl. Dæmi um viðfangsefni í fræðslu geta verið einelti, fordómar, kynfræðsla, hópefli og sjálfstyrking. Í smiðjum eru viðfangsefnin fjölbreytt, s.s. leiklist brjóstsykursgerð, útiöldun, tauprykk og matseld.

Unglingalýðræði

Nemendaráð

Félagsstarf félagsmiðstöðvanna er fyrir alla nemendur í 6.-10.bekk grunnskólans og allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Kosið er árlega í stjórn nemendaráðs. Þeir sem eru í stjórn nemendaráðs eru fyrirmynd annarra nemenda og tenging annarra nemenda við stjórnendur og starfsfólk skólans. Nemendaráð tekur tíma, þolinmæði, vinnu og ábyrgð. Þeir sem taka þátt í nemendaráði öðlast félagslega hæfni og læra skipulagningu.

Stjórn nemendaráða starfar samkvæmt 10. gr. grunnskólalaga og skal starfa nemendafélag innan grunnskólanna. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. grunnskólalaga og gerir sér starfsáætlun.

Það er hlutverk stjórnar nemendaráðs að hvetja nemendur til þátttöku í félagsstörfum, miðla upplýsingum til samnemenda sinna, kynna bekkjarfélögum niðurstöðu funda og koma með athugasemdir og málefni inn á nemendaráðsfundi sem bekkjarfélagar þeirra leggja til.

Hugmyndir að umræðum og málefnum nemendaráða:

- Tónlist í frímínútum
- Framboð á valgreinum
- Aðstaða og áhöld innan skóla og félagsmiðstöðvar
- Klúbbar sem eru í boði
- Er verið að vinna samkvæmt grunnskólalögum og skólareglum?
- Er verið að stuðla að betri umgengni svo að fjármunir skólans og félagsmiðstöðvarinnar fari frekar í uppbyggingu en í viðhald?

Ungmennaráð

Ungmennaráð Hafnarfjarðar er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 13-18 ára. Áhersla er lögð á þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum ásamt því að koma skoðunum ungs fólks til réttra aðila innan stjórnkerfsins. Í Ungmennaráði sitja tveir fulltrúar úr hverjum grunnskóla í Hafnarfirði, þrír úr hverjum framhaldsskóla í Hafnarfirði og þrír fulltrúar sem eru valdir í gegnum Húsið að Staðarbergi 6. Starfsmenn ráðsins eru tveir og starfa þeir fyrst og fremst sem ráðgjafar og mega því ekki hafa áhrif á starfsemi þess.

Ungmennaráð Hafnarfjarðar fundar á tveggja vikna fresti. Fundarstjórn og undirbúningur funda skiptist á milli meðlima ráðsins. Þannig gefst sem flestum tækifæri til þess að stýra fundum og kynnst því hvernig á að undirbúa fund. Fundarstjóri þarf jafnframt að passa uppá að mál séu tekin fyrir með skipulögðum hætti. Ákvarðanir fundarins eru ritaðar í fundargerð.

Markmið Ungmennaráðs Hafnarfjarðar er að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Þátttaka ungs fólks er mikilvæg til þess að bæta þjónustu og aðstæður þeirra. Á það fyrst og fremst við um málefni sem eru mikilvæg ungu fólki á einn eða annan hátt og þau þekkja af eigin raun. Þar má nefna skólastarf, tómstundastarf og skipulag nánasta umhverfis.

+ Opnunartími

Félagsmiðstöðvanar eru með starfsemi þrisvar í viku frá kl. 17:00 -22:00.

Ekki eru allar félagsmiðstöðvarnar með sama starf á sama tíma. Það geta verið mismunandi hvað starf er í boði á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum en það er alltaf sami opnunartími.

Fyrir 8., 9. og 10. bekk er opið þrjú kvöld í viku frá 19.30- 22:00.

Hópastarf er einu sinni til tvisvar í viku frá kl. 17:00-19:00, mismunandi vikudagur eftir stöðum.

Fyrir 5. til 7. bekk er starf tvisvar til fjórum sinnum í mánuði tvo tíma í senn frá kl. 17:00-19:00, mismunandi vikudagur eftir stöðum.





Fræðslu- og frístundapjónusta Hafnarfjarðar



HAFNARFJÖRÐUR



Hafnarfjörður

Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

www.hafnarfjordur.is